

# Ársskýrsla Skíðafélags Ísfirðinga 2022 -2023



## **Í stjórn eru:**

Díana Jóhannsdóttir, Formaður  
Martha Kristín Pálmadóttir, Gjaldkeri  
Sif Huld Albertsdóttir, Meðstjórnandi  
Halldór Karl Valsson, Meðstjórnandi  
Helgi Karl Guðmundsson Schmidhuber, Meðstjórnandi

Á tímabilinu vék Díana Jóhannsdóttir úr stjórn vegna flutninga og tók sæti hennar sem formaður Sif Huld Albertsdóttir. Stjórn þakkar Díönu kærlega fyrir gott samstarf og ötult starf fyrir hönd félagsins.

Ekki hefur verið ákveðin aðalfundardagur fyrir næsta aðalfund en hann verður haldinn í maí nk.

## **Fundir:**

Haldnir voru þrjár fundir stjórnar á árinu, en flestar ákvarðanir voru afgreiddar á facebooksíðu stjórnar. Þó er ljóst að halda verður fleiri fundi til að tryggja samfellu í vinnu stjórnar.

## **Þjálfarar SFÍ:**

### **Skíðaganga**

Lilli Marie Myhre Ofstad var yfirþjálfari og sá hún um þjálfun elsta hópsins Hildi Karen Jónsdóttur, Jóna Lind Kristjánsdóttir var yfirþjálfari HSV en henni til aðstoðar var Unnur Guðfinna Daníelsdóttir. Æfingar fyrir 12 ára og eldri voru í gangi allt árið, yfir sumartímamann voru hlaup, hjólaskíði og styrktarþjálfun.

### **Alpagreinar**

Rannveig Hjaltadóttir var yfirþjálfari alpagreina og sá hún um þjálfun elsta hópsins, jafnframt var hún með mið hópinn en henni til stuðnings voru þrjár þjálfarar, Regína Rúnarsdóttir, Davíð Hjaltason og Sigmar Breka sem einnig önnuðust íþróttaskóla HSV.

### **Bretti**

Það voru þeir Sólveig María Þórðardóttir og Otti Freysteinnsson skiptu með sér æfingum brettadeildar með stuðningi frá Elínu Hólmi, Marteini og Helga Karli að vori 2022, en því miður tókst ekki að manna þjálfarastöður fyrir haustið 2022.

### **Snjóalög**

Snjóalög voru ekki með okkur þetta árið og lítið var um snjó um haustið og ekki var búið að opna svæðin í lok árs. Voru bæði svæðin formlega orðin opin í lok janúar. Mikill snjór kom svo á svæðið og hægt að halda æfingar fram í byrjun apríl, en eftir það hvarf allur snjór snögglega.

## **Mótamál:**

Farið var á eftirfarandi mót:

Bikarmót í skíðagöngu á Akureyri

Bikarmót í skíðagöngu í Bláfjöllum

Bikarmót í alpagreinum á Akureyri

Bikarmót í skíðagöngu á Ísafirði

Unglingameistaramót í alpagreinum í Oddskarði

Skíðamót Íslands og Unglingameistaramót Ísland í skíðagöngu á Ólafsfirði

Jónsmót á Dalvík í alpagreinum og sundi

Andrésar andarleikarnir á Akureyri en þar er keppt í skíðagöngu, alpagreinum og brettageinum.

## **Skíðavika**

Skíðavikan var haldin hátíðleg og margt um manninn á báðum svæðum árið 2022, hægt var að halda þá viðburði sem áttu að vera og allt gekk vel upp, þakka ber foreldrum skíðabarna fyrir þeirra framlag til vinnu. Einnig gekk skíðavikan 2023 mjög vel en nauðsynlegt var að hafa plan a,b, og c vegna snjóalaga og veðurs. Það gekk ágætlega og var hægt að halda viðburði á Seljalandsdal og var dalurinn fullur af fólki á furðufatadeginum. En ekki var hægt að halda viðburði í Tungudal vegna skorts á snjó.

## **Fjármál og fjárfestingar**

Uppbyggingasamningar voru sendir inn vegna 2022, en fengum ekki það sem við óskuðum eftir, en þó að því leiti að hægt var að fara í framkvæmdir á snjógirðingum.

## **Afreksfólk**

Albert Jónsson og Dagur Benediktsson eru í A-liði landsliðs SKÍ. Þetta afreksfólk hefur staðið sig með sóma og eru góðar fyrirmyndir fyrir aðra iðkendur. Jafnframt ber að vekja athygli á einstökum árangri Snorra Einarssonar á Ólympíuleikunum í Beijing, en hann náði besta árangir íslensk keppanda í skíðagöngu á leikunum. Þótt Snorri keppti ekki undir merkjum SFÍ fögnum við því sérstaklega að hafa svona flotta fyrirmynd fyrir krakkana okkar hérna á svæðinu.

Ísafjörður 24. maí 2023

Sif Huld Albertsdóttir, formaður SFÍ